

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Skóla- og frístundaráð leggur til að efnt verði til árlegra samráðsfunda skóla- og frístundaráðs og skólastjórnenda í grunnskólum borgarinnar þar sem fjallað verði um þau mál sem helst brenna á skólastjórnendum hverju sinni. Miðað er við að slíkir fundir verði tvisvar á ári, einn í ágúst og annar í janúar. Þessir fundir munu koma í staðinn fyrir aðkomu kjörinna fulltrúa skóla- og frístundaráðs að hefðbundnum fundum fagskrifstofu grunnskóla með skólastjórnendum tvisvar á ári.

Greingargerð:

Með tillögunni er lagt til að efnt verði til tveggja samráðsfunda á ári hverju þar sem fjallað verður um mikilvæg mál grunnskólanna. Dagskrá, undirbúningur fundanna og eftirfylgni verður unnin í samvinnu formanns skóla- og frístundaráðs, formanns skólastjórafélags Reykjavíkur og skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði.

Jafnframt er lagt til að fallið verði frá aðkomu kjörinna fulltrúa að fundum fagskrifstofu grunnskóla með skólastjórnendum tvisvar á ári til samræmis við samþykkt menntaráðs frá 27. maí 2009.